

Fundur haldinn í stjórn Listasafns Árnesinga bs., 30. mars kl. 8:15.

Mætt: Njörður Sigurðsson, Bjarni Hlynur Ásbjörnsson, Kristín Scheving safnstjóri og Arna Ír Gunnarsdóttir formaður. Fundargerð ritar Bjarni H. Ásbjörnsson

Dagskrá:

Formaður setti fund kl. 8:20.

1. Ársreikningur safnsins

Arnar Leó Guðnason frá KPMG upplýsti stjórn um veikleika við innra eftirlit. Aðgreina þarf störf þannig að sami aðili geti geti ekki fært bókhald og haft heimild til millifærslna sem og að sá sem stofnar til útgjalda hafi millifærsluheimild. Ekki hafa komið fram vísbendingar um óheimilaðar eða óviðeigandi færslur. Farið var yfir rekstarreikning Listasafnsins 2025. Heildartekjur voru tæpar 76,8 milljónir. Rekstarkostnaður var rúmar 79 milljónir, fjármunatekjur og fjármagnsgjöld voru rúmar 1,2 milljónir. Rekstrarniðurstaða ársins 2025 var neikvæð um kr. 3.562.876,-. Efnahagsreikningur stendur þannig í árslok 2025 að fastafjármunir nema kr. 26.513.403,- veltufjármunir kr. 935.693. Eignir eru því samtals kr. 27.449.096,-. Lífeyrisskuldbindingar nema tæpum 4.5 milljónum og langtímaskuldir rúmar 14,4 milljónir. Skammtímaskuldir voru rúmar 12 milljónir. Sjóðstreymi ársins 2025 sýnir að veltufé til rekstrar var 889 þúsund og handbært fé til rekstrar var 168 þúsund. Handbært fé í árslok var rúmar 117 þúsund. Umræður urðu um ársreikninginn. Stjórn samþykkir framlagðan ársreikning.

Arnar Leó fór af fundinum kl. 8:54


2. Útboð á þakviðgerð húsnæðis Listasafns Árnesinga.

Runólfur Þór Jónsson kom á fundinn kl. 9:00.

Formaður lagði fram tilboð frá Selja-gluggum ehf þar sem skipt verður um sjö þakglugga sem eiga að halda sér nálægt upprunalegu formi. Heildarkostnaður við verkið eru rúmar 11 milljónir. Lagfæringin á gluggum er nauðsynlegur fyrsti hluti af heildarviðhaldi hússins. Verkið verður unnið í sumar.

Runólfur skýrði tilboðið.

Stjórn samþykkir tilboð Selja-glugga ehf og leggur til við aðildarsveitarfélög byggðasamlagsins að leggja fram fé til framkvæmdanna.

Útboð á annarri þakviðgerð er í vinnslu hjá Verkfræðistofunni Eflu í samstarfi við Runólf og mun liggja fyrir fljótlega.

Greiða þarf kostnað við glugga þegar þeir verða pantaðir kr. 5 milljónir, og fullnaðargreiðsla mun fara fram við lok verksins.

3. Önnur mál

Safnstjóri segir frá ánægjulegum fréttum um að sýningin Skjálfti sem var í safninu sl. haust hlaut Myndlistarverðlaun ársins og þykir það mikill heiður.


Vinnur safnstjóri þessa dagana að gerð umsókna í Barnamenningarsjóð og í EU menningarsjóð.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 9:35


Arna Ír Gunnarsdóttir, formaður


Njórður Sigurðsson


Bjarni Hlynur Ásbjörnsson


Kristín Scheving, safnstjóri